

TILSKIPUN

9

26. febr.

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43
13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Monaco.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað, eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Monaco, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóvember 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem í Monaco reka verksmiðjuíðnað eða handiðn, jarðrækt málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Monaco fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Monaco.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Monaco, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Monaco, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í Monaco.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.